

## Aðalstjórn Völsungs

2.5.2019

Vallarhús

kl. 16:30

Mætt: Heiða Elín Aðalsteinsdóttir, Bergþóra Höskuldsdóttir, Hallgrímur Jónsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

### 1. Völsungskort/félagskort

Stefnt að því að með greiddum félagsgjöldum næst verði gefið út félagskort sem hægt verði að nálgast á skrifstofu félagsins. Leitast verður eftir samstarfi við fyrirtæki sem munu veita afsláttarkjör gegn framvísun á félagskortinu.

*Fyrirtækjum skipt niður á stjórnarmenn.*

### 2. Heiðar Hrafn kemur og kynnir hugmyndir að breytingum

Heiðar Hrafn sendi inn hugmyndir að því hvernig mætti efla almenningsíþróttadeildina. Einnig sendi hann inn hugmyndir sínar um að stofna kraftlyftingadeild innan almenningsíþróttadeildina. Heiðar kom á fundinn og kynti hugmyndir sínar.

*Heiðar og Jónas vinna minnisblað sem verður kynnt fyrir stjórnnum umræddra deilda.*

### 3. Styrkúthlutun vor 2019

Aðalstjórn er með styrktarsamning við nokkur fyrirtæki sem hafa óskað eftir því. Greitt er eftir vinnureglum aðalstjórnar. Stuðst er við skráningar í Nora kerfinu eins og hún var 30. apríl.

*Til úthlutunar að þessu sinni eru 2.833.871 kr og skiptist þannig:*

#### *Afreksstarf:*

- Knattspyrna – 1.102.061 kr.
- Blak – 314.875 kr.

#### *Yngri flokkar:*

- 2. fl. kk knattspyrna – 40.044 kr.
- Knattspyrna 3.-8. fl – 539.052 kr.
- Handbolti – 64.686 kr.
- Fimleikar – 129.372 kr.
- Sund – 61.606 kr.
- Boccia – 33.883 kr.
- Blak yngri flokkar – 83.168 kr.
- Bardagaíþróttir – 40.044 kr.

#### **4. Drop-off stæði við vellina**

Unnið hefur verið að bílastæði fyrir ípróttavellina við Auðbrekkur. Meðfylgjandi er til kynningar uppdráttur að bílastæðinu.

*Stjórn Völsungs óskar eftir að bílastæðum við vellina verði fjölgað. Aðlastjórn óskar eftir að fá fund með verkefnastjóra framkvæmda og framkvæmda- og þjónustufulltrúa til að skoða kosti í stöðunni.*

#### **5. Erindi á sveitarfélagið – samþykkt í tölvupósti ásamt svari frá Norðurþingi**

Barna- og unglingaráð blakdeildar sendi erindi á sveitarfélagið sem aðalstjórn samþykkti í gegnum tölvupóst á milli funda. Erindinu var hafnað af Fjölskylduráði.

*Til kynningar.*

Fundi slitið: 18:15